

GJALDSKRÁ

fyrir vopnaleit á Keflavíkurflugvelli.

1. gr.

Greiða skal sérstakt gjald, vopnaleitargjald, fyrir hvern mann sem ferðast með loftfari frá Íslandi til annarra landa um Keflavíkurflugvöll.

Undanþegnir gjaldskyldu eru börn innan tveggja ára, skráðar áhafnir loftfara, þeir sem viðkomu hafa á Íslandi samkvæmt farseðli milli annarra landa og Norður-Ameríku og þeir sem ferðast með loftförum varnarliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

2. gr.

Vopnaleitargjald er kr. 90,00 fyrir hvern farþega. Fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára skal greiða hálf gjald.

3. gr.

Eigandi loftfars eða sá sem ábyrgð ber á rekstri þess er ábyrgur fyrir greiðslu vopnaleitargjalds.

Við brottför loftfars frá Keflavíkurflugvelli skal afhenda sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli eða eftir atvikum umboðsmanni hans í flugstöð skrá sem hefur að geyma upplýsingar um fjölda farþega með loftfarinu, áhöfn þess og hverjir séu gjaldfrjálsir skv. 2. mgr. 1. gr. eða greiða hálf gjald skv. 2. gr. Sýslumanni er heimilt að semja svo við rekstraraðila loftfars að umrædd skrá sé afhent um leið og vopnaleitargjaldið er greitt, sbr. 4. gr. hér á eftir.

4. gr.

Vopnaleitargjald vegna farþega er ferðast með loftförum sem skráð eru erlendis og allra loftfara sem ekki er flogið á áætlunarleiðum, skal greiða sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli fyrir brottför loftfars um leið og afhent er skrá samkvæmt 2. mgr. 3. gr. Sýslumanni er þó heimilt að veita gjaldfrest til 15. dags næsta almanaksmánaðar eftir brottför. Vopnaleitargjald vegna farþega sem ferðast í áætlunarflugi á viðurkenndum áætlunarleiðum, skal greiða til sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli eigi síðar en 15. dag næsta almanaksmánaðar eftir brottför. Sé vopnaleitargjaldi eigi skilað á réttum gjalddaga ber það dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá gjalddaga til greiðsludags. Nú er skrifstofa sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli lokuð 15. dag mánaðar og telst þá gjalddagi vera næsti dagur þar á eftir sem skrifstofan er opin til almennrar afgreiðslu.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 106, 17. desember 1954 um yfirstjórn mála á varnarsvæðum o.fl., sbr. 10. tl. 14. gr. auglýsingar um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands nr. 96, 31. desember 1969, sbr. 78. gr. loftferðalaga nr. 34, 21. maí 1964 og tekur gildi 1. mars 1994. Gjaldskráin tekur til farseðla sem eru útgefnir frá og með þeim degi að telja.

Jafnframt er felld niður eldri gjaldskrá sama efnis nr. 148, 1. apríl 1993.

Útanríkisráðuneytið, 2. febrúar 1994.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Róbert Trausti Árnason.